

VIÐSKIPTAHUGMYNDIR Á VESTURLANDI

Niðurstöður skoðanakönnunar um hugmyndir Vestlendinga að tækifærum í atvinnulífinu

Helga Guðjónsdóttir

Hrafnhildur Tryggvadóttir

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Skýrsla SSV

Nr. 1 2024

Apríl 2024

ISSN 1670-7923



EFNISYFIRLIT

Myndayfirlit.....	3
Töfluyfirlit.....	4
1 Inngangur.....	5
2 Niðurstöður í styttra máli.....	5
3 Aðferðir og gögn.....	6
3.1 Forsendur og framkvæmd könnunarinnar.....	6
4 Niðurstöður.....	9
4.1 Viðskiptahugmynd.....	9
4.2 Hindranir.....	13
4.3 Stuðningur.....	17
4.4 Atvinnugreinar.....	20
4.5 Tækifæri í atvinnulífi.....	21
4.5.1 Akranes.....	23
4.5.2 Borgarbyggð.....	24
4.5.3 Dalabyggð.....	25
4.5.4 Utan Vesturlands.....	26
4.5.5 Grundarfjarðarbær.....	27
4.5.6 Hvalfjarðarsveit.....	28
4.5.7 Snæfellsbær.....	29
4.5.8 Sveitarfélagið Stykkishólmur.....	30
5 Samantekt.....	31
6 Viðauki.....	32

MYNDAYFIRLIT

MYND 1:SKIPTING ÞÁTTAKENDA Í KÖNNUNINNI EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI.....	8
MYND 2:„ERT ÞÚ MEÐ VIÐSKIPTAHUGMYND EDA ÖNNUR ÁFORM UM FYRIRTÆKJAREKSTUR SEM ÞÚ VILDIR GETA KOMIÐ Í FRAMKVÆMD EDA FARIÐ AF STAÐ MEÐ Í ÞÍNU SVEITARFÉLAGI?“ SKIPT EFTIR KYNJUM. TÖLUR Í SVIGA SÝNA HLUTFALL AF ÖLLUM SEM SVÖRUÐU KÖNNUNINNI.	9
MYND 3:„ERT ÞÚ MEÐ VIÐSKIPTAHUGMYND EDA ÖNNUR ÁFORM UM FYRIRTÆKJAREKSTUR SEM ÞÚ VILDIR GETA KOMIÐ Í FRAMKVÆMD EDA FARIÐ AF STAÐ MEÐ Í ÞÍNU SVEITARFÉLAGI?“ SKIPT EFTIR STÖÐU Á VINNUMARKAÐI. TÖLUR Í SVIGA SÝNA HLUTFALL ALLRA ÞÁTTAKENDA Í KÖNNUNINNI Á STÖÐU Á VINNUMARKAÐI.....	10
MYND 4. FJÖLDI VIÐSKIPTAHUGMYNDA, GREINT EFTIR SVEITARFÉLÖGUM. TÖLUR Í SVIGA SÝNA HLUTFALL AF ÖLLUM SVÖRUM ÚR VIÐKOMANDI SVEITARFÉLAGI.....	11
MYND 5:FJÖLDI VIÐSKIPTAHUGMYNDA GREINT EFTIR KYNI OG ALDRI. TÖLUR Í SVIGA SÝNA HLUTFALL ÞEIRRA SEM VORU VIÐSKIPTAHUGMYND AF ÖLLUM SEM TÓKU ÞÁTT Í KÖNNUNINNI Í HVERJUM ALDURSHÓPI.....	12
MYND 6: „HEFUR ÞÚ ÁFORM AÐ NÝRRI VIÐSKIPTAHUGMYND, ÚTVÍKKUN STARFSEMINNAR, REKSTURS ÞÍNS EDA ÞÍNS FYRIRTÆKIS Á ANNAN HÁTT Í ÞÍNU SVEITARFÉLAGI?“FJÖLDI HUGMYNDA GREINT EFTIR SVEITARFÉLÖGUM. HLUTFALL AF ÖLLUM SVÖRUM ÚR HVERJU SVEITARFÉLAGI ERU INNAN SVIGA.....	13
MYND 7: „ER EITTHVAÐ Í ÞÍNU SVEITARFÉLAGI SEM KEMUR Í VEG FYRIR AÐ ÞAU ÁFORM GETI ORÐIÐ AÐ VERULEIKA EDA DREGUR ÚR MÖGULEIKUM Á ÞEIM?“	14
MYND 8: „ER EITTHVAÐ Í ÞÍNU SVEITARFÉLAGI SEM KEMUR Í VEG FYRIR AÐ ÞAU ÁFORM GETI ORÐIÐ AÐ VERULEIKA EDA DREGUR ÚR MÖGULEIKUM Á ÞEIM?“ GREINT NIÐUR Á SVEITARFÉLÖG. TÖLUR Í SVIGA SÝNA HLUTFALL AF HEILDARSVÖRUM Í KÖNNUNINNI ÚR VIÐKOMANDI SVEITARFÉLAGI.	15
MYND 9: „ER EITTHVAÐ Í ÞÍNU SVEITARFÉLAGI SEM KEMUR Í VEG FYRIR AÐ ÞAU ÁFORM GETI ORÐIÐ AÐ VERULEIKA EDA DREGUR ÚR MÖGULEIKUM Á ÞEIM?“	15
MYND 10: „ER EITTHVAÐ Í ÞÍNU SVEITARFÉLAGI SEM KEMUR Í VEG FYRIR AÐ ÞAU ÁFORM GETI ORÐIÐ AÐ VERULEIKA EDA DREGUR ÚR MÖGULEIKUM Á ÞEIM?“GREINT EFTIR SVEITARFÉLÖGUM. TÖLUR Í SVIGA SÝNA HLUTFALL AF HEILDARSVÖRUM Í KÖNNUNINNI ÚR VIÐKOMANDI SVEITARFÉLAGI.....	16
MYND 11: „ER EITTHVAÐ Í ÞÍNU SVEITARFÉLAGI SEM KEMUR Í VEG FYRIR AÐ ÞAU ÁFORM GETI ORÐIÐ AÐ VERULEIKA EDA DREGUR ÚR MÖGULEIKUM Á ÞEIM? VINSAMLEGA TILGREINIÐ“	17
MYND 12: „GÆTI EINHVER AÐSTOÐ EDA STUÐNINGUR ANNARRA HAFT ÁHRIF Á AÐ HUGMYNDIN VERÐI AÐ VERULEIKA?“	17
MYND 13: „GÆTI EINHVER AÐSTOÐ EDA STUÐNINGUR ANNARRA HAFT ÁHRIF Á AÐ HUGMYNDIN VERÐI AÐ VERULEIKA?“ GREINT Á EINSTÖK SVEITARFÉLÖG. TÖLUR Í SVIGA SÝNA HLUTFALL ALLRA SVARA ÚR VIÐKOMANDI SVEITARFÉLAGI.....	18
MYND 14: „GÆTI EINHVER AÐSTOÐ EDA STUÐNINGUR ANNARRA HAFT ÁHRIF Á AÐ HUGMYNDIN VERÐI AÐ VERULEIKA?“	19
MYND 15:„GÆTI EINHVER AÐSTOÐ EDA STUÐNINGUR ANNARRA HAFT ÁHRIF Á AÐ HUGMYNDIN VERÐI AÐ VERULEIKA?“GREINT EFTIR SVEITARFÉLÖGUM. TÖLUR Í SVIGA SÝNA HLUTFALL SVARA AF HEILDARSVÖRUM ÚR VIÐKOMANDI SVEITARFÉLAGI.	19
MYND 16: „GÆTI EINHVER AÐSTOÐ EDA STUÐNINGUR ANNARRA HAFT ÁHRIF Á AÐ HUGMYNDIN VERÐI AÐ VERULEIKA?“ VINSAMLEGA TILGREINIÐ.	20
MYND 17: SKIPTING VIÐSKIPTAHUGMYNDA EFTIR SVEITARFÉLÖGUM OG ATVINNUGREINUM.	21
MYND 18: „Í HVERJU EFTIRFARANDI FINNST ÞÉR ATVINNULÍF ÞÍNS BYGGÐARLAGS EDA SVEITARFÉLAGS EIGA MIKIL EDA LÍTIL TÆKIFÆRI?“ MEÐALEINKUNN FYRIR ALLT VESTURLAND.	22
MYND 19: „Í HVERJU EFTIRFARANDI FINNST ÞÉR ATVINNULÍF ÞÍNS BYGGÐARLAGS EDA SVEITARFÉLAGS EIGA MIKIL EDA LÍTIL TÆKIFÆRI?“ AKRANES.	23
MYND 20: „Í HVERJU EFTIRFARANDI FINNST ÞÉR ATVINNULÍF ÞÍNS BYGGÐARLAGS EDA SVEITARFÉLAGS EIGA MIKIL EDA LÍTIL TÆKIFÆRI?“ BORGARBYGGÐ.....	24
MYND 21:„Í HVERJU EFTIRFARANDI FINNST ÞÉR ATVINNULÍF ÞÍNS BYGGÐARLAGS EDA SVEITARFÉLAGS EIGA MIKIL EDA LÍTIL TÆKIFÆRI?“ DALABYGGÐ.	25
MYND 22: „Í HVERJU EFTIRFARANDI FINNST ÞÉR ATVINNULÍF ÞÍNS BYGGÐARLAGS EDA SVEITARFÉLAGS EIGA MIKIL EDA LÍTIL TÆKIFÆRI?“ SVARENDUR BÚSETTIR UTAN VESTURLANDS.	26
MYND 23: „Í HVERJU EFTIRFARANDI FINNST ÞÉR ATVINNULÍF ÞÍNS BYGGÐARLAGS EDA SVEITARFÉLAGS EIGA MIKIL EDA LÍTIL TÆKIFÆRI?“ GRUNDARFJARDARBÆR.	27

MYND 24: „Í HVERJU EFTIRFARANDI FINNST ÞÉR ATVINNULÍF ÞÍNS BYGGÐARLAGS EÐA SVEITARFÉLAGS EIGA MIKIL EÐA LÍTIL TÆKIFÆRI?“ HVALFJARÐARSVEIT.	28
MYND 25: „Í HVERJU EFTIRFARANDI FINNST ÞÉR ATVINNULÍF ÞÍNS BYGGÐARLAGS EÐA SVEITARFÉLAGS EIGA MIKIL EÐA LÍTIL TÆKIFÆRI?“ SNÆFELLSBÆR.	29
MYND 26: „Í HVERJU EFTIRFARANDI FINNST ÞÉR ATVINNULÍF ÞÍNS BYGGÐARLAGS EÐA SVEITARFÉLAGS EIGA MIKIL EÐA LÍTIL TÆKIFÆRI?“ STYKKISHÓLMUR.	30

TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1:ÍBÚAFJÖLDI Í SVEITARFÉLÖGUM Á VESTURLANDI, FJÖLDI SVARA OG HLUTFALL AF ÍBÚAFJÖLDA.....	7
--	---

1 INNGANGUR

Vistkerfi nýsköpunar hefur vaxið og þróast í landshlutanum á undanförunum árum. Hér á Vesturlandi hafa víða verið stofnuð samvinnurými og nýsköpunarsetur þar sem boðið er upp á vinnuaðstöðu og samfélag fyrir frumkvöðla og fólk sem starfar án staðsetningar auk fræðslu, stuðnings og ráðgjafar. Stuðningsumhverfi frumkvöðla hefur einnig eflst t.d. með tilkomu NýVest – Nýsköpunarnets Vesturlands sem er verkefni sem sett var á laggirnar árið 2022. NýVest er ætlað að vera stuðnings- og þekkingarnet landshlutans í málum nýsköpunar ásamt því að tengja saman frumkvöðla og hagaðila. Annar aðili að stuðningsumhverfi frumkvöðla er Gleipnir, nýsköpunar- og þróunarsetur á Vesturlandi sem var stofnað í maí 2022. Tilgangur setursins er að leiða og byggja upp samstarf stofnaðila, stjórnvalda og annarra hagaðila þar sem lögð er áhersla á að efla rannsóknir og hagnýtingu þeirra og efla nýsköpun og fræðslu á sviði landbúnaðar, matvælaframleiðslu, sjálfbærni og loftslagsmála.

Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi, NýVest og Gleipnir fóru á árinu í samstarf um að halda frumkvöðla- og fyrirtækjamótið Nýsköpun í Vestri í Borgarnesi sem haldið var föstudaginn 29. september s.l. og hraðalinn Vesturbrú sem fór af stað með tíu öflugum teyrum 27. nóvember s.l. Í tengslum við undirbúning þessara viðburða var framkvæmd skoðanakönnun sem hér er til umfjöllunar þar sem þátttakendur voru spurðir út í hugmyndir að nýsköpun, hindranir og áskoranir í umhverfi frumkvöðla.

Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 17. maí til 26. september 2023 og þátttakendur voru 1000.

2 NIÐURSTÖÐUR Í STYTTRA MÁLI

- Konur voru í meirihluta þeirra sem voru með viðskiptahugmynd eða 58% þátttakenda (Mynd 2)
- Af þeim sem voru með viðskiptahugmynd voru 76% launþegar á vinnumarkaði (Mynd 3)
- Flest svör bárust frá íbúum á Akranesi (251) og Borgarbyggð (215), en hlutfall svara af íbúafjölda var hæst meðal íbúa í Dalabyggð (11%) (Tafla 1)
- Flestar viðskiptahugmyndir komu frá þátttakendum sem eru frá Akranesi eða 26% og hlutfall af Akurnesingum sem svöruðu könnuninni og voru með viðskiptahugmynd var 24%. Næst flestar viðskiptahugmyndir bárust frá svarendum úr Borgarbyggð, 24%, og af öllum svörum úr Borgarbyggð voru 26% með viðskiptahugmynd (Mynd 4)
- Konur eru yngri þegar þær fá viðskiptahugmynd en karlar. Flestar konur með viðskiptahugmynd voru á aldrinum 31-40 en flestir karlar með viðskiptahugmynd eru í aldursflokknum 51- 60 ára (Mynd 5)
- Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi sem hyggja á útvíkkun starfseminnar eða nýsköpun eru flestir í Borgarbyggð 22% og Akranesi eða 16 %. Hlutfallslega hyggjast flestir atvinnurekendur í Dalabyggð á nýsköpun eða 28% og í Hvalfjarðarsveit 27% (Mynd 6)
- 63% þátttakenda með viðskiptahugmynd telja að ekki séu þættir í þeirra sveitarfélagi sem koma í veg fyrir að viðskiptahugmynd geti orðið að veruleika. Flestir sem svara þessari spurningu játandi eru á Akranesi eða 48% og 44% í Borgarbyggð. Sem hlutfall af öllum svörum úr viðkomandi sveitarfélagi eru einnig flestir á Akranesi og í Borgarbyggð að hindranir séu til staðar í sveitarfélaginu eða 10% í hvoru sveitarfélagi fyrir sig (Mynd 7)
- 69% atvinnurekenda og sjálfstætt starfandi með viðskiptahugmynd telja að ekki séu þættir í sveitarfélaginu sem komi í veg fyrir að áform verði að veruleika. Hvalfjarðarsveit sker sig úr, þar

telja 83% þeirra sem hyggja á nýsköpun að hindranir séu til staðar, eða 19% allra svara úr Hvalfjarðarsveit (Mynd 9)

- Helstu hindranir sem koma í veg fyrir nýsköpun eru húsnæðisskortur, skipulagsmál og fjármagn (Mynd 11)
- 68% þeirra sem voru með viðskiptahugmynd töldu að utanaðkomandi aðstoð eða stuðningur gæti haft áhrif á að viðskiptahugmynd gæti orðið að veruleika (Mynd 12)
- 65% atvinnurekenda eða sjálfstætt starfandi töldu að utanaðkomandi aðstoð eða stuðningur annarra gæti haft áhrif á að útvíkkun starfseminnar nái fram að ganga (Mynd 14)
- Fjármagn, sveitarfélag, styrkjaaðstoð og húsnæði eru þeir þættir sem þátttakendur töldu mikilvægasta til stuðnings (Mynd 16)
- Á Vesturlandi í heild sinni telja flestir að helstu tækifæri í atvinnulífinu liggja í ferðaþjónustu, heilsueflingu, og veitingaþjónustu (Mynd 18)
- Tækifærin liggja helst í þeim atvinnugreinum sem þegar eru öflugar í viðkomandi sveitarfélögum. (Mynd 18)
- Tækifærin liggja síst í jöklum, þjóðgörðum og orkuvinnslu (Mynd 18)
- Tækifæri á Akranesi liggja helst í heilsueflingu og tæknigeiranum (Mynd 19)
- Tækifæri í landbúnaði liggja einkum í Borgarbyggð og Dalabyggð (Mynd 20 Mynd 21)
- Tækifæri í sjávarútvegi liggja helst í Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ (Mynd 23 Mynd 25)
- Tækifæri í iðnaði liggja helst í Hvalfjarðarsveit (Mynd 24)
- Þjóðgarður og jöklar eru taldir eiga mikil tækifæri í Snæfellsbæ, en ekki í öðrum sveitarfélögum (Mynd 25)

3 AÐFERÐIR OG GÖGN

3.1 FORSENDUR OG FRAMKVÆMD KÖNNUNARINNAR

Spurningakönnun, sem var netkönnun var lögð fyrir íbúa Vesturlands. Fólki var boðið til þátttöku eftir ýmsum leiðum. Könnunin var kynnt með auglýsingum á heimasíðum og samfélagsmiðlum SSV, NýVest og Gleipnis og íbúar hvattir til að taka þátt. Keyptar voru auglýsingar á samfélagsmiðlum og til að freista þess að ná til íbúa í yngstu aldurshópnum var könnunin kynnt meðal námsmanna á Vesturlandi. Auk þess voru gerðir dreifimiðar með QR-kóða sem dreift var víða meðal íbúa í sama tilgangi og hlekk á könnunina var deilt með íbúahópum á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem fólk var hvatt til að taka þátt. Einnig var notast við svokallaða snjóboltaaðferð þar þátttakendur voru beðnir að senda á aðra mögulega þátttakendur. Könnunin var á íslensku, ensku og pólsku.

Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 17. maí til 26. september 2023.

Þátttakendur í könnuninni voru 1.000, ekki var reiknuð sérstök úrtaksstærð eða slembiúrtak tekið eins og heppilegast hefði verið aðferðafræðilega séð. Kostnaður var aðalástæða þess. Við túlkun svara skal hafa þetta í huga.

Svörun var best meðal íbúa í Dalabyggð hlutfallslega, þar sem 11% íbúa svöruðu könnuninni en minnst var svörun í Akraneskaupstað þar sem 3,1% íbúa svöruðu könnuninni. 132 þátttakendur voru búsettir utan Vesturlands eða svara ekki til um búsetu. Sjá Tafla 1.

Tafla 1:Íbúafjöldi í sveitarfélögum á Vesturlandi, fjöldi svara og hlutfall af íbúafjölda.

Sveitarfélag	Mannfjöldi jan 2023	Svör	Hlutfall af íbúafjölda
Akraneskaupstaður	7.997	251	3,1%
Borgarbyggð	4.090	215	5,3%
Dalabyggð	653	72	11%
Eyja-ogMiklaholtshreppur	114	7	6,1%
Grundarfjarðarbær	861	75	8,7%
Hvalfjarðarsveit	765	26	3,4%
Skorradalshreppur	75	4	5,3%
Snæfellsbær	1.678	137	8,2%
Sveitarfélagið Stykkishólmur	1.308	81	8,2%
Utan Vesturlands ekki valið	370.417	93	0,03%
Samtals	387.758	1.000	0,3%


Skipting þátttakenda eftir kyni endurspeglar ekki vel íbúasamsetningu á Vesturlandi. 392 karlar svöruðu könnuninni og 567 konur. 41 gaf ekki upp kyn. Samkvæmt tölum Hagstofunnar eru 9.177 karlar búsettir á Vesturlandi og 8.362 konur, eða tæplega 10% fleiri karlar en konur. Af þeim sem gáfu upp kyn, var hlutfall karla sem svöruðu könnuninni 4,3% af körlum á Vesturlandi en hlutfall kvenna var hærra eða 6,8%.

Í þeim tilvikum sem fjallað er um svör við einstaka spurningum og þau greind niður á einstök sveitarfélög, eru ekki birtar niðurstöður ef svörin voru fimm eða færri úr viðkomandi sveitarfélagi.

Þegar svör við einstaka spurningum eru greind niður á einstaka hópa, eru birtar tvenns konar upplýsingar á myndum. Annars vegar eru birt svör við viðkomandi spurningu og hvernig svörin skiptast niður eftir hópunum og hins vegar eru birtar upplýsingar um hlutfall af öllum þeim sem svara könnuninni og falla í viðkomandi hóp. Til dæmis sýnir Mynd 2 að 58% þeirra sem eru með viðskiptahugmynd eru konur, en í sviga er hlutfall allra kvenna sem svöruðu í könnuninni og þá kemur í ljós að 23,8 % allra kvenna sem svöruðu könnuninni eru með viðskiptahugmynd. Annað dæmi er hvernig svörin skiptast niður á einstök sveitarfélög. Á Mynd 4 má sjá að af öllum sem sögðust vera með viðskiptahugmynd, voru 24% þeirra búsettir á Akranesi. Í sviga er birt hlutfall af öllum svörum sem bárust frá Akranesi og af þeim eru 26% með viðskiptahugmynd. Lokaðar spurningar voru settar fram í könnuninni ásamt nokkrum opnum spurningum þar sem óskað var eftir frekari viðbrögðum þátttakenda. Niðurstöður lokaðra spurninga eru settar fram á hefðbundinn hátt, í súlu- eða kökuritum. Niðurstöður opinna spurninga eru settar fram í orðaskýjum, þar sem svörin voru flokkuð og sett undir hugtak sem endurspeglar keimlík svör. Sem dæmi má nefna að svör eins og „skortur á leiguhúsnaði“, „atvinnuhúsnaði“, „íbúðarhúsnaði“, voru sett saman hugtakið „húsnaðismál“ og þannig birt í orðaskýi.

Þegar spurt var um tækifæri í atvinnulífinu, fengu svarendur fimm valmöguleika. Mjög lítil, frekar lítil, hvorki lítil né mikil, frekar mikil og mjög mikil tækifæri. Við úrvinnslu svara voru gefnar svohljóðandi einkunnir. Fyrir að merkja við „mjög lítil“ var gefin einkunnin 1, 2 fyrir „frekar lítil“, 3 fyrir „hvorki lítil né mikil“, 4 fyrir „frekar mikil“ og 5 fyrir „mjög mikil tækifæri“.

Spurt var um stöðu á vinnumarkaði og 961 svör bárust við þeirri spurningu. Meira en helmingur þeirra sem svöruðu þessari spurningu voru launþegar eða 60% og var það fjölmennasti hópurinn. Næst fjölmennasti hópurinn voru atvinnurekendur, verktakar eða sjálfstætt starfandi eða 23% og 10% þátttakenda voru lífeyrisþegar. Sjá Mynd 1.



Mynd 1: Skipting þáttakenda í könnuninni eftir stöðu á vinnumarkaði.


4 NIÐURSTÖÐUR

4.1 VIÐSKIPTAHUGMYND

Af praktískum ástæðum var ákveðið að nálgast spurninguna um viðskiptahugmynd á tvo vegu. Annar hópurinn var fólk í fyrirtækjarekstri og hinn hópurinn fólk sem var ekki í fyrirtækjarekstri eins og almennir starfsmenn eða utan vinnumarkaðs.


Þátttakendur sem ekki áttu eða ráku fyrirtæki (Allir þeir sem völdu annað en atvinnurekandi, verktaki eða sjálfstætt starfandi þegar spurt var um stöðu á vinnumarkaði) fengu spurningu um viðskiptahugmynd: „Ert þú með viðskiptahugmynd eða önnur áform um fyrirtækjarekstur sem þú vildir geta komið í framkvæmd eða farið af stað með í þínu sveitarfélagi?“

Samtals voru 234 með viðskiptahugmynd eða 23,4% þátttakenda; 92 karlar, 135 konur og 7 sem gáfu ekki upp kyn. (Mynd 2). Það voru 23,4% þeirra karla sem tóku þátt og 23,8% kvenna og því engin munur á kynjunum að þessu leyti.




Mynd 2: „Ert þú með viðskiptahugmynd eða önnur áform um fyrirtækjarekstur sem þú vildir geta komið í framkvæmd eða farið af stað með í þínu sveitarfélagi?“ Skipt eftir kynjum. Tölur í sviga sýna hlutfall af öllum sem svöruðu könnuninni.

Af öllum sem voru með viðskiptahugmynd (234) voru flestir eða 76% launþegar á vinnumarkaði, 10% voru lífeyrisþegar, 5% þátttakenda voru háskólanemendur og 5% völdu flokkinn annað, 2% svarenda voru atvinnulausir, 1% voru framhaldsskólanemendur og 1% var ekki á vinnumarkaði og ekki að leita að vinnu. (Mynd 3). Tölur í sviga sýna hlutfall þeirra sem voru með viðskiptahugmynd af öllum þeim sem svöruðu könnuninni í viðkomandi flokki á vinnumarkaði. Þannig má sjá að 50% allra háskólanema sem svöruðu könnuninni voru með viðskiptahugmynd, þótt hlutfall þeirra af þeim sem voru með viðskiptahugmynd sé einungis 5%.



Mynd 3: „Ert þú með viðskiptahugmynd eða önnur áform um fyrirtækjarekstur sem þú vildir geta komið í framkvæmd eða farið af stað með í þínu sveitarfélagi?“ Skipt eftir stöðu á vinnumarkaði. Tölur í sviga sýna hlutfall allra þátttakenda í könnuninni, af stöðu á vinnumarkaði.


Flestar viðskiptahugmyndir komu frá þátttakendum sem eru búsettir á Akranesi, eða 26% og litlu færri komu úr Borgarbyggð eða 24% af þeim sem svöruðu. Þar á eftir fylgja íbúar Snæfellsbæjar (15%) og Grundarfjarðarbæjar (10%). Tölurnar innan sviga við hverja súlu sýna hlutfall þeirra sem voru með viðskiptahugmynd í viðkomandi sveitarfélagi samanborið við fjölda svara úr því sveitarfélagi. Þannig eru 26% heildarfjölda þeirra sem voru með viðskiptahugmynd búsettir á Akranesi, en hlutfall þeirra Akurnesinga sem voru með viðskiptahugmynd er 24%. Þegar rýnt er í þær tölur má sjá að hlutfall viðskiptahugmynda er á bilinu 24 -31% hjá svarendum í öllum sveitarfélögum nema Stykkishólmi þar sem hlutfallið er lægst í einstöku sveitarfélagi eða 17% og í flokknum utan Vesturlands voru 16% svarenda með viðskiptahugmynd. Sjá nánar á Mynd 4.



Mynd 4. Fjöldi viðskiptahugmynda, greint eftir sveitarfélögum. Tölur í sviga sýna hlutfall af öllum svörum úr viðkomandi sveitarfélagi.

Til að greina nánar þann hóp sem var með viðskiptahugmynd var skoðað hvernig hugmyndirnar raðast niður á kyn og aldur. Karlarnir sem svöruðu þessari könnun fengu fleiri viðskiptahugmyndir með hækkandi aldri; karlar á aldrinum 31-40 ára fá nokkuð af viðskiptahugmyndum en þeim fer fjölgandi og flestar hugmyndir karla eru í aldurshópnum 51-60. Þegar hlutfall þeirra sem voru með viðskiptahugmynd var skoðað, af öllum sem svöruðu könnuninni, kom í ljós að hlutfallslega voru flestir karlar með viðskiptahugmynd í aldursflokknum 26-30 ára, eða 43% af þeim sem svöruðu. Næst hæsta hlutfallið var í aldursflokknum 18-25 ára eða 40%.

Flestar viðskiptahugmyndir komu fram hjá konum í aldurshópnum 31-40 og næst flestar í aldurshópnum 41-50 ára. Þegar fjöldi viðskiptahugmynda er skoðaður sem hlutfall af öllum konum sem tóku þátt í könnuninni innan viðkomandi aldurshópa, má sjá að hlutfallslega voru flestar konur á aldrinum 26-30 ára með viðskiptahugmynd (40%), og næst hæsta hlutfallið var í aldursflokknum 31-40 ára, eða 33% (Mynd 5).




Mynd 5:Fjöldi viðskiptahugmynda greint eftir kyni og aldri. Tölur í sviga sýna hlutfall þeirra sem voru viðskiptahugmynd af öllum sem tóku þátt í könnuninni í hverjum aldurshópi.

Þeir sem áttu og ráku fyrirtæki (þeir þátttakendur sem völdu svarið atvinnurekandi, verktaki eða sjálfstætt starfandi einstaklingur í spurningunni um stöðu á vinnumarkaði) fengu eftirfarandi spurningu: „Hefur þú áform að nýrri viðskiptahugmynd, útvíkkun starfseminnar, reksturs þíns eða þíns fyrirtækis á annan hátt í þínu sveitarfélagi?“

Heildarfjöldi atvinnurekanda og sjálfstæðra sem svöruðu þessari könnun voru 214 og af þeim svöruðu 150 þessari spurningu játandi. Flestir í þessum hópi voru staðsettir í Borgarbyggð eða 22%, næst flestir á Akranesi eða 16% og Dalabyggð fylgir á eftir með 14% svar. Fæstir í þessum hópi atvinnurekenda eða sjálfstætt starfandi koma úr minnstu sveitarfélögunum og nær greining þessi ekki yfir sveitarfélög þaðan sem bærust fimm eða færri svör.

Þegar svörin eru borin saman við hlutfall allra svara úr einstaka sveitarfélagi, horfir annað við, sjá tölur í sviga á mynd 6. Þegar horft er á þær tölur, má sjá að hlutfallið er hæst í Dalabyggð þar sem 28% allra svarenda úr Dalabyggð hafa áform um nýsköpun, og Hvalfjarðarsveit kemur næst á eftir með 27% af svörum þaðan. Lægst er hlutfallið úr svörum frá Akraneskaupstað eða 9% og næst lægst í Snæfellsbæ eða 12%. (Mynd 6)




Mynd 6: „Hefur þú áform að nýrri viðskiptahugmynd, útvíkkun starfseminnar, reksturs þíns eða þíns fyrirtækis á annan hátt í þínu sveitarfélagi?“ Fjöldi hugmynda greint eftir sveitarfélögum. Hlutfall af öllum svörum úr hverju sveitarfélagi eru innan sviga.

4.2 HINDRANIR

Eins og áður hefur verið vikið að, var ákveðið að nálgast spurninga um viðskiptahugmynd á tvo vegu; annars vegar hóp fólks sem ekki er í fyrirtækjarekstri (launþegar eða utan vinnumarkaðs) og fólk í fyrirtækjarekstri hins vegar. Samtals voru 384 svarendur úr báðum þessum hópum með viðskiptahugmynd eða höfðu áætlanir um útvíkkun starfseminnar. Báðir þessir hópar fengu spurningu um utanaðkomandi hindranir sem gætu haft áhrif á fyrirætlanir um nýsköpun: „Er eitthvað í þínu sveitarfélagi sem kemur í veg fyrir að þau áform geti orðið að veruleika eða dregur úr möguleikum á þeim?“

Af þeim sem sögðust hafa viðskiptahugmynd, (launþegar, lífeyrisþegar, nemar o.fl.) svöruðu 37% þeirri spurningu játandi og 63 % svöruðu henni neitandi, sjá Mynd 7.




Mynd 7: „Er eitthvað í þínu sveitarfélagi sem kemur í veg fyrir að þau áform geti orðið að veruleika eða dregur úr möguleikum á þeim?“

Til að greina nánar hvort einhver sveitarfélög skera sig úr þegar kemur að hindrunum voru svör greind niður á einstaka sveitarfélög. Af þeim 234 sem sögðust vera með viðskiptahugmynd svöruðu 201 þessari spurningu. Mynd 8 sýnir hvernig hlutfall þeirra, sem töldu að eitthvað í sveitarfélaginu kæmi í veg fyrir að viðskiptahugmynd yrði að veruleika, er innan einstakra sveitarfélaga.


Í öllum sveitarfélögum svaraði minnihluti þeirra sem voru með viðskiptahugmynd þessari spurningu játandi. Hlutfall þeirra sem svara þessari spurningu játandi var hæst á Akranesi, 49% og í Borgarbyggð, 46%, en lægst Stykkishólmi 8% og næst lægst í Hvalfjarðarsveit eða 17%.

Þegar rýnt er í hlutfall allra svara í könnuninni innan hvers sveitarfélags (tölur í sviga) kemur í ljós að hlutfall þeirra sem telja að það séu hindranir til staðar er hæst á Akranesi og í Borgarbyggð, eða 10% af öllum svörum úr þeim sveitarfélögum. Lægst hlutfall þeirra sem töldu að til staðar væru hindranir var í Stykkishólmi þar sem 1% allra svarenda þaðan svöruðu þessari spurningu játandi. Sjá Mynd 8.



Mynd 8: „Er eitthvað í þínu sveitarfélagi sem kemur í veg fyrir að þau áform geti orðið að veruleika eða dregur úr möguleikum á þeim?“ Greint niður á sveitarfélög. Tölur í sviga sýna hlutfall af heildarsvörum í könnuninni úr viðkomandi sveitarfélagi.


Viðhorf atvinnurekenda og sjálfstætt starfandi var einnig kannað. Af þeim sem höfðu áform um útvíkkun starfseminnar eða nýsköpun svöruðu 31% spurningunni játandi og 69% svöruðu neitandi, að það væri eitthvað í þeirra sveitarfélagi sem kæmi í veg fyrir að þau áform geti orðið að veruleika. SjáMynd 9.



Mynd 9: „Er eitthvað í þínu sveitarfélagi sem kemur í veg fyrir að þau áform geti orðið að veruleika eða dregur úr möguleikum á þeim?“

Svör atvinnurekenda og sjálfstætt starfandi voru einnig greind niður á einstök sveitarfélög. Af þeim 150 sem svöruðu því til að þeir væru með áætlanir um útvíkkun starfseminnar, svöruðu 137 þessari spurningu. Í öllum sveitarfélögum utan Hvalfjarðarsveitar, var mikill minnihluti sem svaraði þessari spurningu játandi. Hvalfjarðarsveit sker sig úr, en þar svara 83% spurningunni játandi, að það séu einhverjar hindranir sem koma í veg fyrir að áform um nýsköpun geti orðið að veruleika. Atvinnurekendur í Snæfellsbæ telja síst allra að eitthvað í sveitarfélaginu hindri nýsköpun, eða 15%. Sjá Mynd 10.

Þegar svör þessa hóps eru skoðuð með tilliti til allra svara úr hverju sveitarfélagi fyrir sig, kemur í ljós að í öllum sveitarfélögum eru fáir sem svara þessari spurningu játandi, nema í Hvalfjarðarsveit, þar sem áfram er hæst hlutfall svara sem telja að það séu hindranir í sveitarfélaginu sem koma í veg fyrir að áform um nýsköpun geti orðið að veruleika eða 19%. Lægst er hlutfallið í Snæfellsbæ eða 1% og 2 % á Akranesi. Sjá tölur í sviga á Mynd 10.



Mynd 10: „Er eitthvað í þínu sveitarfélagi sem kemur í veg fyrir að þau áform geti orðið að veruleika eða dregur úr möguleikum á þeim?“Greint eftir sveitarfélögum. Tölur í sviga sýna hlutfall af heildarsvörum í könnuninni úr viðkomandi sveitarfélagi.

Allir þeir sem svöruðu spurningunni um hindranir í sveitarfélaginu játandi, voru í opinni spurningu, beðnir að tilgreina hvaða þættir það væru, sem væru helstu hindranir. Mest áberandi þáttur var húsnæðisskortur, en þá nefndu margir skipulagsmál, fjármagn og stjórnsýsluna. Í orðaskýinu á Mynd 11 má sjá flokkun á svörum beggja hópa, þ.e.a.s. þeirra sem voru með viðskiptahugmynd (launþegar, namar, lífeyrisþegar o.fl.) og atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi.




Mynd 11: „Er eitthvað í þínu sveitarfélagi sem kemur í veg fyrir að þau áform geti orðið að veruleika eða dregur úr möguleikum á þeim? Vinsamlega tilgreinið“.

4.3 STUÐNINGUR

Til að kanna viðhorf til stuðningsumhverfisins fengu báðir hópar (þeir sem voru með viðskiptahugmynd og atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi sem hyggjast á nýsköpun) eftirfarandi spurningu um utanaðkomandi stuðning: „Gæti einhver aðstoð eða stuðningur annarra haft áhrif á að hugmyndin verði að veruleika?“


Af þeim sem eru með viðskiptahugmynd (launþegar, lífeyrisþegar, nemar o.fl.) svöruðu 68% þeirri spurningu játandi og 32% svöruðu neitandi. Alls svöruðu 199 þessari spurningu. Sjá Mynd 12.



Mynd 12: „Gæti einhver aðstoð eða stuðningur annarra haft áhrif á að hugmyndin verði að veruleika?“


Til að skilja betur hvort það skiptir máli hvar fólk er staðsett, var viðhorf þátttakenda til stuðnings greint niður eftir sveitarfélögum.

Þátttakendur úr öllum sveitarfélögum á Vesturlandi sem voru með viðskiptahugmynd töldu að utanaðkomandi stuðningur gæti haft áhrif á að hugmyndin verði að veruleika. Flestir í Dalabyggð svöruðu þessari spurningu játandi eða 85% þeirra sem voru með viðskiptahugmynd í Dalabyggð og íbúar annarra sveitarfélaga svöruðu þessari spurningu játandi í 60-77% tilvika. Þegar svör þessara aðila eru skoðuð í hlutfalli af fjölda svara úr einstaka sveitarfélagi, kemur í ljós að tiltrú á stuðningi er almennt til staðar í öllum sveitarfélögum (sjá tölur í sviga á Mynd 13). Hlutfall þeirra sem svara játandi er hæst í Dalabyggð, bæði þegar horft er á fjölda svara og hlutfall af heildarfjölda svara úr einstaka sveitarfélagi. Minnst tiltrú á stuðningi er í Borgarbyggð, Grundarfjarðarbæ og Stykkishólmi þegar horft er á fjölda svara en þegar svörin eru metin sem hlutfall af heildarsvörum, er minnst tiltrú á stuðningi í sveitarfélaginu Stykkishólmi (9%) og meðal svarenda utan Vesturlands (11%). Ekki er fjallað um þau sveitarfélög þar sem svör voru fimm eða færri. Sjá Mynd 13.




Mynd 13: „Gæti einhver aðstoð eða stuðningur annarra haft áhrif á að hugmyndin verði að veruleika?“ Greint á einstök sveitarfélög. Tölur í sviga sýna hlutfall allra svara úr viðkomandi sveitarfélagi.

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi fengu sömu spurningu um hvort aðstoð eða stuðningur annarra gæti haft áhrif á að áætlanir um útvíkkun starfseminnar yrðu að veruleika. Alls svöruðu 133 þessari spurningu. Af þeim svöruðu 65% játandi, að stuðningur gæti stuðlað að því að áætlanir yrðu að veruleika en 35% svöruðu þeirri spurningu neitandi. Sjá Mynd 14.



Mynd 14: „Gæti einhver aðstoð eða stuðningur annarra haft áhrif á að hugmyndin verði að veruleika?“.

Þegar svör atvinnurekenda og sjálfstætt starfandi varðandi viðhorf til stuðnings voru greind niður á einstök sveitarfélög kom í ljós að í flestum sveitarfélögum töldu þátttakendur að stuðningur gæti haft jákvæð áhrif. Trú á að stuðningur geti haft jákvæð áhrif er mest í Hvalfjarðarsveit, 83% og næst mest í Borgarbyggð eða 82%. Þegar svörin eru skoðuð sem hlutfall af fjölda svara í viðkomandi sveitarfélagi (sjá tölur í sviga á Mynd 15) er jákvætt viðhorf til stuðnings mest í Hvalfjarðarsveit, 19% og í Dalabyggð 17%. Ekki er fjallað um svör úr einstökum sveitarfélögum þar sem svörin við þessari spurningu voru fimm eða færri. Sjá Mynd 15.



Mynd 15: „Gæti einhver aðstoð eða stuðningur annarra haft áhrif á að hugmyndin verði að veruleika?“Greint eftir sveitarfélögum. Tölur í sviga sýna hlutfall svara af heildarsvörum úr viðkomandi sveitarfélagi.

Þátttakendur beggja hópa (launþegar ofl. með viðskiptahugmynd og atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi) sem svöruðu spurningunni um stuðning játandi, voru beðnir að tilgreina hvaða stuðningur það væri, sem myndi helst koma að gagni. Flestir töldu að stuðningur sveitarfélags, fjármagn og styrkjaaðstoð væru mikilvægustu þættirnir og margir nefndu einnig ráðgjöf og húsnæði sem mikilvæga þætti sem myndu styðja við að verkefni gæti orðið að veruleika. Í orðaskýinu hér að neðan má sjá hvernig svörin flokkuðust. Sjá Mynd 16.




Mynd 16: „Gæti einhver aðstoð eða stuðningur annarra haft áhrif á að hugmyndin verði að veruleika?“ Vinsamlega tilgreinið.

4.4 ATVINNUGREINAR

Þátttakendur voru spurðir hvers eðlis viðskiptahugmyndin eða útvíkkun starfseminnar væri: „Innan hvaða atvinnugreinar fellur viðskiptahugmyndin? Í hvaða atvinnugrein væri fyrirtækið sem gæti nýtt sér viðskiptahugmyndina?“ og gátu valið um 11 mismunandi atvinnugreinar.

Flestar viðskiptahugmyndir tengdust *ferðaþjónustu* (38) eða *verslun og þjónustu* (35) og *menning og skapandi greinar* komu þar á eftir (32) ásamt flokknum *annað* (26). Fæstir höfðu viðskiptahugmyndir í flokknum *byggingar* (6), *sérfræðistörf og tækni* (6), *upplýsingatækni* (6) og *opinber þjónusta* (7). Viðskiptahugmyndir í flokknum *landbúnaður og skógrækt* voru 11 og í *sjávarútvegi* voru 14. Skipting viðskiptahugmynda eftir atvinnugreinum og sveitarfélagi má sjá á Mynd 17.



Mynd 17: Skipting viðskiptahugmynda eftir sveitarfélögum og atvinnugreinum.

4.5 TÆKIFÆRI Í ATVINNULÍFI

Í könnuninni var spurning um hvar tækifæri í atvinnulífi væru í byggðarlagi þátttakenda og hljóðaði svona: „Í hverju eftirfarandi finnst þér atvinnulíf þíns byggðarlags eða sveitarfélags eiga mikil eða lítil tækifæri?“


Spurt var um viðhorf til eftirfarandi flokka: afþreying, böð, ferðapjónusta, fræðsla, handverk, heilsuefling, iðnaður, jöklar, landbúnaður, matvælaframleiðsla, menning og listir, orkuskipti, orkuvinnsla, rannsóknir, sjávarútvegur, tæknigeirinn, veitingaþjónusta, verslun og þjóðgarður.

Allir þátttakendur voru beðnir að meta tækifæri í mismunandi atvinnugreinum eða flokkum og var boðið upp á að velja á milli: mjög lítil, frekar lítil, hvorki lítil né mikil, frekar mikil eða mjög mikil tækifæri.

Vert er að hafa í huga að þátttakendur í könnuninni voru ekki allir búsettir í sveitarfélagi á Vesturlandi. Orðalag spurningarinnar kallar á viðbrögð svarenda eftir því sveitarfélagi sem þeir búa í, og því gætu þeir þátttakendur verið að svara út frá sinni eigin heimabyggð en ekki út frá sveitarfélagi á Vesturlandi.

Á Mynd 18 má sjá hvar þátttakendur sáu helst fyrir sér tækifæri í atvinnulífi á Vesturlandi í heild sinni. Sett er fram meðaleinkunn allra svara, fyrir tækifæri í hverjum flokki, þar sem lægsta einkunn var 1 og hæsta var 5¹.

Ferðapjónusta fékk hæstu meðaleinkunnina, 4,0 í allri könnuninni og þar á eftir fylgdu heilsuefning með einkunnina 3,9 og veitingapjónusta sem fékk einkunnina 3,7. Lægsta meðaleinkunn var gefin í flokkunum jöklar, þjóðgarður og orkuvinnsla eða 2,6 og næst lægstu einkunn fékk flokkurinn orkuskipti eða 3,1.



Mynd 18: „Í hverju eftirfarandi finnst þér atvinnulíf þíns byggðarlags eða sveitarfélags eiga mikil eða lítil tækifæri?“ Meðaleinkunn fyrir allt Vesturland.

Svörin voru greind niður á einstök sveitarfélög til að skoða hvar svarendur töldu að helstu tækifærin lægju í hverju sveitarfélagi. Sama aðferð var notuð þ.e.a.s. sett er fram meðaleinkunn allra svara úr viðkomandi sveitarfélagi, fyrir tækifæri í hverjum flokki. Svör úr Eyja-og Miklaholtshreppi og Skorradalshreppi voru of fá til að fjallað sé um þau sveitarfélög sérstaklega.


Þegar einkunnir úr einstaka sveitarfélögum eru skoðaðar, má sjá að gjarnan sáu þátttakendur tækifæri í þeim flokkum sem þegar eru áberandi eða hefð er fyrir í samfélaginu. Þar má nefna að landbúnaður skorar hæst í þeim sveitarfélögum þar sem blómlegur landbúnaður er stundaður og sjávarútvegur skorar hátt í

¹Fyrir að merkja við „mjög lítil“ var gefin einkunnin 1, 2 fyrir „frekar lítil“, 3 fyrir „hvorki lítil né mikil“, 4 fyrir „frekar mikil“ og 5 fyrir „mjög mikil tækifæri“.

þeim sveitarfélögum þar sem þegar er sjávarútvegur. Á Akranesi liggja helstu tækifærin í heilsueflingu og tæknigeiranum og sérstaka athygli vekur að flokkarnir þjóðgarður og jöklar skora hæst í Snæfellsbæ, sem er það sveitarfélag sem þegar hefur jökul og þjóðgarð innan sinna sveitarfélagamarka. Það er vísbending fyrir því að reynslan af tilvist þjóðgarðsins í Snæfellsbæ er jákvæð og gæti verið innlegg fyrir önnur sveitarfélög sem búa við sambærilegar aðstæður. Í Borgarbyggð þar sem hefur á undanförunum árum verið um umræða um friðlýsingar og þjóðgarða, sáu þátttakendur einhver tækifæri í þjóðgarði og jöklum, enda liggur það sveitarfélag að Langjökli þar sem m.a. er rekin ferðapjónusta. Næstu nágrannar þessara tveggja sveitarfélaga sjá minni tækifæri í þessum flokkum. Þannig má túlka þessa könnun þannig að fólk sjái almennt tækifæri í það efla það sem fyrir er.

4.5.1 AKRANES


Á Akranesi fékk heilsuefling hæstu meðaleinkunnina 3,8, tæknigeirinn fékk 3,7 í einkunn og böð, iðnaður og menning og listir fylgdu á eftir með 3,6 í meðaleinkunn. Lægsta meðaleinkunn var gefin í flokkunum jöklar og þjóðgarður eða 1,5. Sjá Mynd 19. Þegar horft er á þessar niðurstöður má ætla að svarendur sjái tækifæri í ímynd bæjarins sem íþróttabær. Sveitarfélagið er þekkt fyrir íþróttalíf og golfvöllurinn og uppbygging þar gæti haft eitthvað að segja sem og áætluð uppbygging á Jaðarsbökkum. Tæknigeirinn skorar hátt á Akranesi og þar má álykta að nálægð við höfuðborgarsvæðið skipti máli og velta má fyrir sér hvort tilurð nýsköpunarsetursins á Breið hafi þau áhrif að Akurnesingar sjái frekari tækifæri í tæknigeiranum. Flokkurinn böð fær einnig háa einkunn og gera má ráð fyrir að uppbygging náttúrulega og baðstaða um allt land ásamt reynslu af Guðlaugu og áætlaðri uppbyggingu við Jaðarsbakka hafi þar áhrif.



Mynd 19: „Í hverju eftirfarandi finnst þér atvinnulíf þíns byggðarlags eða sveitarfélags eiga mikil eða lítil tækifæri?“ Akranes.

4.5.2 BORGARBYGGÐ


Þátttakendur í Borgarbyggð töldu að helstu tækifærin liggja í ferðaþjónustu, sem fékk 4,3 í einkunn. Þar á eftir fylgdu atvinnugreinarnar veitingaþjónusta og landbúnaður með 4,1 í einkunn og matvælaframleiðsla með 4,0 í einkunn. Tækifærin liggja allra síst í sjávarútvegi sem fékk 1,9 í einkunn og fáir töldu að orkuvinnsla sem fékk 2,9 og þjóðgarður sem fékk 3,0, eigi mikil tækifæri í Borgarbyggð. SjáMynd 20. Ferðaþjónusta hefur byggst upp í Borgarbyggð á undanförunum árum og hefur bæði gistirýmum og veitingastöðum fjölgað víða um sveitarfélagið. Miðað við þessa könnun má áætla að þátttakendur telji enn tækifæri til frekari uppbyggingar ferðaþjónustu á svæðinu og spilar þar mögulega inn í þróun ferðamanna undanfarin ár sem og áhersla á uppbyggingu Uxahryggjaleiðar sem mun opna leið milli Suður- og Vesturlands. Landbúnaður á sér djúpar rætur í Borgarbyggð og blómlegur landbúnaður er nú þegar í sveitarfélaginu. Þátttakendur telja að þar liggja tækifæri einnig ásamt matvælaframleiðslu enda um að ræða landsvæði með mikla hefð fyrir slíkri atvinnustarfsemi.



Mynd 20: „Í hverju eftirfarandi finnst þér atvinnulíf þíns byggðarlags eða sveitarfélags eiga mikil eða lítil tækifæri?“ Borgarbyggð.

4.5.3 DALABYGGÐ

Í Dalabyggð liggja tækifærin helst í landbúnaði sem fékk hæstu meðaleinkunn 4,5. Matvælaframleiðsla fylgdi þar á eftir með einkunnina 4,3 og ferðapjónusta fékk 4,0 í einkunn. Tækifærin liggja síst í jöklum sem fengu lægstu einkunnina 1,1 og þjóðgarður fékk næst lægstu einkunn eða 1,8 og sjávarútvegur 1,9. Sjá Mynd 21. Landbúnaður í Dalabyggð á sér langa hefð og er í dag ein mikilvægasta atvinnugreinin á svæðinu. Því þarf það ekki að koma á óvart að svarendur þessarar könnunar sjái aukin tækifæri í landbúnaði og matvælaframleiðslu sem fær næst hæstu einkunn. Á svæðinu er þegar fordæmi fyrir fullvinnslu afurða og samfélagið hefur mikið byggst upp í tengslum við landbúnað og þjónustu tengdri landbúnaði. Ferðapjónusta hefur að sama skapi verið á uppleið á svæðinu og líkt og á öðrum svæðum, telja svarendur að ferðapjónustan eigi mikil tækifæri.




Mynd 21: „Í hverju eftirfarandi finnst þér atvinnulíf þíns byggðarlags eða sveitarfélags eiga mikil eða lítil tækifæri?“ Dalabyggð.

4.5.4 UTAN VESTURLANDS

Þeir þátttakendur sem búsettir voru utan Vesturlands töldu ferðapjónustu og afþreyingu eiga helst tækifæri og fengu þær atvinnugreinar hæstu einkunn eða 3,9. Þar á eftir fylgdu veitingapjónusta með 3,8 í einkunn og heilsuefling með 3,7. Fæstir töldu tækifærin liggja í jöklum sem fékk 2,2 í einkunn og næst lægstu einkunn fékk flokkurinn Þjóðgarðar. Sjá Mynd 22.

Þeir svarendur sem eru búsettir utan Vesturlands sáu helstu tækifærin í ferðapjónustu og veitingapjónustu. Þessar tegundir þjónustu virðast eiga mikil sóknarfæri innan svæðisins og má ætla að það sé vegna þess að ferðapjónustan hefur rétt úr kútnum eftir heimsfaraldur og er ein mikilvægasta atvinnugreinin um allt land. Heilsuefling fylgir fast á eftir, og þótt ekki sé sett fram skilgreining á því hvað fellur undir þennan flokk í þessari könnun, þá má ætla að uppbygging baðstaða og lóna um allt land á undanförunum misserum bendi til þess að tækifæri liggja m.a. í þeirri tegund þjónustu.




Mynd 22: „Í hverju eftirfarandi finnst þér atvinnulíf þíns byggðarlags eða sveitarfélags eiga mikil eða lítil tækifæri?“ Svarendur búsettir utan Vesturlands.

4.5.5 GRUNDARFJARÐARBÆR

Í svörum þeirra sem búa í Grundarfjarðarbæ má sjá að mestu tækifærin liggja sjávarútvegi sem fékk meðaleinkunn 4,5, ferðaþjónustu sem fékk einkunnina 4,3 og heilsueflingu sem fékk einkunnina 4,1. Lægstu einkunn fékk atvinnugreinin orkuvinnsla, 2,5 og næst lægstu einkunn fengu þjóðgarður og böð sem fengu 2,8 í einkunn. Sjá Mynd 23.

Grundarfjarðarbær er samfélag við Breiðafjörð sem hefur byggst upp á sjávarútvegi og þjónustu við hann, og því má segja að eðlilega telji margir að tækifæri liggja í frekari uppbyggingu í þeirri atvinnugrein. Ferðaþjónusta skorar hátt þar líkt og annars staðar, og gera má ráð fyrir að komur skemmtiferðaskipa til bæjarins hafi sýnt fram á að ferðaþjónusta sé mikilvæg atvinnugrein á svæðinu og þar liggja eðlilega tækifæri. Hér má benda á að hvorki jöklar eða þjóðgarðar skora mjög hátt, jafnvel þótt að Grundarfjarðarbær sé næsti nágranni við Snæfellsbæ þar sem bæði jökull og þjóðgarður hafa mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn.




Mynd 23: „Í hverju eftirfarandi finnst þér atvinnulíf þíns byggðarlags eða sveitarfélags eiga mikil eða lítil tækifæri?“ Grundarfjarðarbær.

4.5.6 HVALFJARÐARSVEIT

Í Hvalfjarðarsveit fékk iðnaður hæstu einkunn 3,8 og næst hæstu einkunn fékk afþreying 3,6 og ferðapjónusta fylgdi fast á eftir með einkunnina 3,5. Svör úr Hvalfjarðarsveit benda til þess að lítil tækifæri liggi í jöklum, sem fékk lágstu einkunn 1,2 og næst lágstu einkunn fengu þjóðgarðar eða 1,9. Sjá Mynd 24.

Í Hvalfjarðarsveit eru starfrækt stór iðnaðarfyrirtæki á Grundartanga og þá hefur verið stofnað Þróunarfélag Grundartanga, þar sem áætluð er uppbygging til framtíðar. Gera má ráð fyrir að það hafi áhrif á að þátttakendur sjái tækfæri til vaxtar í þeim geira. Í Hvalfjarðarsveit er þegar nokkur ferðapjónusta auk þess sem þar er að finna náttúruperlur sem laða að innlenda og erlenda ferðamenn og má ætla að þátttakendur telji að grundvöllur sé fyrir frekari ferðapjónustu og afþreyingarstarfsemi í sveitarfélaginu.




Mynd 24: „Í hverju eftirfarandi finnst þér atvinnulíf þíns byggðarlags eða sveitarfélags eiga mikil eða lítil tækifæri?“ Hvalfjarðarsveit.

4.5.7 SNÆFELLSBÆR

Í Snæfellsbæ liggja mestu tækifærin í sjávarútvegi að mati þátttakenda, sem er sú atvinnugrein sem fékk hæstu einkunn eða 4,5. Þar á eftir fylgja þjóðgarður með 4,4 í einkunn og ferðapjónusta sem fékk 4,3 í meðaleinkunn. Orkuvinnsla fékk lægstu einkunn í Snæfellsbæ 2,7, og næst lægstu einkunn fékk atvinnugreinin orkuskipti eða 3,0. Sjá Mynd 25.

Í Snæfellsbæ er rík hefð fyrir sjávarútvegi sem er mikilvæg atvinnugrein fyrir svæðið. Þjóðgarður fær næst hæstu einkunn, og er rökrétt að áætla að þátttakendur í Snæfellsbæ sjái nú þegar jákvæð áhrif sem þjóðgarðurinn Snæfellsjökull hefur í samfélaginu. Snæfellsbær sker sig algerlega úr þegar kemur að þessum flokki og er auðvitað eina sveitarfélagið sem hefur reynslu af því að innan sveitarfélagamarka sé svæði sem hefur fengið friðlýsingu sem þjóðgarður. Nokkur umfjöllun hefur verið birt um jákvæð áhrif þjóðgarðsins á svæðinu og að hann beinlínis dragi ferðamenn að, en athyglisvert er að þátttakendur úr nærliggjandi sveitarfélögum sjá ekki viðlíka tækifæri í þjóðgarði. Ferðapjónustan fær þriðju hæstu meðaleinkunn í Snæfellsbæ, og má ætla að þar sem Snæfellsnesið og þjóðgarðurinn eru nú þegar mjög vinsælir ferðamannastaðir, þá sjái fólk tækifæri til enn frekari uppbyggingar ferðapjónustu á svæðinu.




Mynd 25: „Í hverju eftirfarandi finnst þér atvinnulíf þíns byggðarlags eða sveitarfélags eiga mikil eða lítil tækifæri?“ Snæfellsbær.

4.5.8 SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR

Helstu tækifærin liggja í ferðaþjónustu í Stykkishólmi skv. niðurstöðum þessarar könnunar. Ferðaþjónustan fékk 4,4 í meðaleinkunn og næsthæstu einkunn fékk veitingaþjónusta 4,3 og þar á eftir fylgdi heilsuefling með 3,7 í einkunn. Lægstu einkunn fékk flokkurinn jöklar 2,3 og næst lægstu þjóðgarður og orkuvinnsla sem fengu 2,8 í einkunn. Sjá Mynd 26.

Stykkishólmur hefur löngum verið miðstöð stjórnsýslu, verslunar og ýmis konar þjónustu við Breiðafjörð. Sveitarfélagið er vinsæll áningarstaður ferðamanna og ferðaþjónusta á sér þar ríka hefð. Þar liggja einnig helstu tækifærin að mati þeirra sem svöruðu þessari könnun ásamt veitingaþjónustu. Áhersla á ferðaþjónustu og veitingaþjónustu, gæti m.a. stafað af vinsældum ferða um Breiðafjörð og því að ferjan Baldur siglir frá Stykkishólmi á leið sinni yfir Breiðafjörðinn. Hér er vert að vekja athygli á að jöklar og þjóðgarðar skora ekki hátt, jafnvel þótt þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og sjálfur jökullinn sé í mikilli nálægð við sveitarfélagið.



Mynd 26: „Í hverju eftirfarandi finnst þér atvinnulíf þíns byggðarlags eða sveitarfélags eiga mikil eða lítil tækifæri?“ Stykkishólmur

5 SAMANTEKT

Í þessari skoðanakönnun var markmiðið að kanna hug íbúa til nýsköpunar á Vesturlandi og kalla fram hugmyndir Vestlendinga að tækifærum í atvinnulífinu. Könnunin var liður í undirbúningi að frumkvöðlamóti og viðskiptahraðli fyrir frumkvöðla á Vesturlandi, og var tilgangurinn m.a. að sjá hvort einhverjar hindranir, og þá hverjar, væru fyrir nýsköpun og frumkvöðla. Einnig var viðhorf til utankomandi stuðnings kannað, hvort og þá hvers konar stuðningur myndi auka líkurnar á að viðskiptahugmynd eða áætlun um nýsköpun gæti náð fram að ganga.

Í könnuninni var gerður greinarmunur á annars vegar viðskiptahugmynd einstaklinga og hins vegar nýsköpun í rekstri sem þegar er í gangi og rýnt í hvort þarfir þessara hópa væru sambærilegar eða ólíkar. Svör einstakra spurninga eru greind niður á mismunandi hópa; sumar spurningar eru greindar niður á einstaklinga með viðskiptahugmynd ammars vegar, og atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi hins vegar. Svör við öðrum eru greind niður á einstaka sveitarfélög þar sem fleiri en fimm svör bárust. Það var gert til að leggja mat á hvort einhver sveitarfélög skeri sig úr að einhverju leyti.

Viðhorf þátttakenda til vaxtarmöguleika og tækifæra ólíkra atvinnugreina eða flokka var kannað. Þegar svör þeirra sem voru með viðskiptahugmynd eða áætlun um nýsköpun í rekstri, (svör beggja hópa; launþega og utan vinnumarkaðar annars vegar, og atvinnurekenda og sjálfstætt starfandi hins vegar) voru greind niður á atvinnugreinar, kom í ljós að flestar hugmyndir tengdust ferðapjónustu.

Allir þátttakendur í könnuninni voru spurðir um tækifæri í mismunandi atvinnugreinum eða flokkum. Ferðapjónusta og önnur þjónusta við gesti, s.s. veitingaþjónusta og afþreying er að mati þátttakenda, sá flokkur þar sem mestu tækifærin liggja, á öllu Vesturlandi. Tækifærin voru greind niður á einstök sveitarfélög og í ljós kom að þær atvinnugreinar eða starfsemi innan þeirra flokka sem þegar er hefð eða reynsla á nú þegar, virðist eiga helst tækifæri á hverjum stað fyrir sig. Þannig skorar landbúnaður hátt í sveitarfélögum þar sem þegar er stundaður landbúnaður, og sama má segja um sjávarútveg. Þjóðgarður og jöklar virðast eiga sér mestu tækifærin í Snæfellsbæ þar sem þegar er starfandi þjóðgarður og Snæfellsjökull er auðvitað innan sveitarfélagamarkanna. Ferðapjónusta skorar hátt í öllum sveitarfélögum.

Markmiðið með könnuninni var að þreifa á viðhorfi frumkvöðla til nýsköpunar á Vesturlandi. Könnunin var rafræn og alls svöruðu 1.000 manns þessari könnun. Ekki var reiknuð sérstök úrtaksstærð eða slembiúrtak tekið eins og heppilegast hefði verið aðferðafræðilega séð. Til að bregðast við því eru niðurstöður spurninga sem greindar voru niður á einstaka hópa, birtar með tvenns konar upplýsingum á myndum. Annars vegar eru birt svör við spurningunni og hvernig svörin skiptast niður eftir hópunum og hins vegar eru birtar upplýsingar um hlutfall af öllum þeim sem svara könnuninni og falla í viðkomandi hóp. Við túlkun niðurstaðna ber í að hafa þetta í huga.

6 VIÐAUKI

Spurningakönnunin í heild sinni

Þessi könnun ([This survey is also in English here, press](#)) er á vegum Nývest (Nýsköpunarnets Vesturlands), Gleipnis - nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi og SSV . Hún er ætluð öllum íbúum á Vesturlandi og velunnurum sem náð hafa 18 ára aldri. Markmiðið er að leita hugmynda að aðgerðum sem ráðast má í til eflingar atvinnulífs á Vesturlandi og nýsköpun þar.

Könnunin er valkvæð og þér ber ekki nokkur skylda til að svara könnuninni eða einstökum hluta hennar. Það tekur flest fólk um 3-5 mínútur að svara könnuninni og við vonum að sem allra flestir taki þátt til að niðurstöður verði sem áreiðanlegastar.

Úrvinnsla könnunarinnar fer þannig fram að reiknuð verða meðaltöl og miðgildi svaranna í þeirri viðleitni að draga fram sýn þátttakenda á tækifærin sem þeir telja að séu fyrir hendi. Einnig verða opin svör lesin og flokkuð í von um að þau gefi góðar hugmyndir um leiðir til að búa atvinnulífinu og einstaklingum staðanna betri umgjörð til að starfa í. Ekki verða birtar upplýsingar sem rekja má til einstaklinga, í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Ef þú hefur einhverjar spurningar eða fyrirspurnir vegna könnunarinnar eða framkvæmd hennar, þá vinsamlegast hafðu samband við Helgu Guðjónsdóttur (sími: 8956707, netfang: nyvest@nyvest.is) eða Bjargeyju Önnu Guðbrandsdóttur (sími: 6942907, netfang: bjargey@gleipnirvest.is).

* 1. Samþykkir þú að taka þátt í þessari könnun?

- Já, ég samþykki að taka þátt í könnuninni
- Nei, ég samþykki ekki að taka þátt í könnuninni

Aldur

2. Á hvaða aldri ert þú?

- 18-25 ára
- 26-30 ára
- 31-40 ára
- 41-50 ára
- 51-60 ára
- 61-70 ára
- 71 árs eða eldri

3. Kyn

- Karl
- Kona
- Annað
- Vil ekki svara

4. Býrðu í bæ eða sveit?

- Bæ, þorpi eða öðru þéttbýli
- Sveit eða dreifbýli

5. Í hvaða sveitarfélagi býrðu?

- Ég bý ekki í sveitarfélagi á Vesturlandi
- Akraneskaupstað
- Hvalfjarðarsveit
- Skorradalshreppi
- Borgarbyggð
- Eyja- og Miklaholtshreppi
- Sveitarfélaginu Stykkishólmur
- Grundarfjarðarbæ
- Snæfellsbæ
- Dalabyggð

Hvar annars staðar á landinu býrðu

6. Í hvaða landshluta býrðu?

- Höfuðborgarsvæðinu
- Reykjanesi
- Vestfjörðum
- Norðurlandi vestra
- Norðurlandi eystra
- Austurlandi
- Suðurlandi
- Ég bý ekki hér á landi

7. Hver eru tengsl þín við Vesturland?

- Engin
- Ég starfa þar
- Ég á sumarhús þar
- Ég á íbúð þar
- Ég á jörð þar
- Ég á ættingja þar
- Ég kem þangað annað slagið eða reglulega vegna áhugamáls (-a) míns (minna)

8. Hver er menntun þín? Merktu við allar prófgráður sem þú hefur lokið.

- Grunnskóla- eða gagnfræðapróf
- Próf í iðngrein
- Próf úr háskóla

9. Hver er staða þín á vinnumarkaði? Vinsamlegast svarið því sem best lýsir þínum aðstæðum.

- Launþegi
- Atvinnurekandi, verktaki eða sjálfstætt starfandi einstaklingur
- Lífeyrisþegi eða öryrki
- Er ekki á vinnumarkaði og leita ekki að vinnu
- Atvinnulaus og leita að vinnu
- Framhaldsskólanemandi (iðnnám, stúdentspróf, annað verknám eða skólastig á milli grunnskóla og háskóla)
- Háskólanemandi
- Annað

10. Ert þú með viðskiptahugmynd eða önnur áform um fyrirtækjarekstur sem þú vildir geta komið í framkvæmd eða farið af stað með í þínu sveitarfélagi?

- Já
- Nei

Atvinnurekendur

11. Hefur þú áform að nýrri viðskiptahugmynd, útvíkkun starfseminnar, reksturs þíns eða þíns fyrirtækis á annan hátt í þínu sveitarfélagi?

Já

Nei

Hindranir eða stuðningur

12. Er eitthvað í þínu sveitarfélagi sem kemur í veg fyrir að þau áform geti orðið að veruleika eða dregur úr möguleikum á þeim?

- Nei
- Já (vinsamlegast tilgreinið)

13. Gæti einhver aðstoð eða stuðningur annarra stuðlað að því að hugmyndin eða áformin yrðu að veruleika eða aukið möguleikann á því?

- Nei
- Já (vinsamlegast tilgreinið)

Atvinnugreinar

14. Innan hvaða atvinnugreinar fellur viðskiptahugmyndin? Í hvaða atvinnugrein væri fyrirtækið sem gæti nýtt sér viðskiptahugmyndina.

- Sjávarútvegur, t.d. fiskveiðar, fiskvinnsla, fiskeldi og önnur vinna tengd nýtingu sjávarauðlinda.
- Landbúnaður og skógrækt
- Iðnaður og ýmis framleiðsla, t.d. matvælaíðnaður, lyf, fatagerð, leður, efnavörur, málmar, málmvörur, húsgögn, rafvörur, trefjar, prentun og fjölföldun o.þ.h.
- Ferðapjónusta, t.d. gisting, veitingar, ferðaskrifstofur, farþegaflutningar, leiðsögn, leiga til ferðamanna, haftengd ferðarþjónusta og tengd starfsemi.
- Verslun og þjónusta, t.d. matvöruverslanir, aðrar sérvöru-, net-, heild- og umboðsverslanir, bankastarfsemi, tryggingar, fasteignasala, bílaþjónusta, bílaverkstæði, dekk, þríf, vöru- og fólksflutningar og önnur þjónusta veitt af einkaaðilum.
- Menning, listir og aðrar skapandi greinar. Meðal skapandi greina eru ýmis listsköpun (sviðslistir, ritstörf, myndlist, tónlist o.fl.), myndvinnsla, ljósmyndun, þýðingar og túlkun, listnám, fjölmiðlun, arkitektúr, hönnun, sýningar, safnastarfsemi, viðburðahald, söguminjar, hljóðvinnsla, tölvuleikjagerð, skartgripagerð, prentun, bókbönd, hljóðfærasmíði, útgáfustarfsemi, sala eða leiga á menningu og listvörum.
- Veitur, t.d. rafmagns-, vatns- og hitaveitur og tengd starfsemi.
- Opinber þjónusta, þ.e. fræðsla, heilbrigðisþjónusta og önnur opinber þjónusta.
- Byggingarstarfsemi, mannvirkjagerð, jarðvegsframkvæmdir eða tengd starfsemi, þ.m.t. rafvirkjun, málun, trésmíði, múrverk, pípulagnir, dúklagningar og þess háttar.
- Upplýsingar, fjarskipti, tölvuvinna og önnur upplýsingatækni
- Eignaumsýsla, t.d. endurskoðun og bókhalds, lögfræðiþjónusta, fjármála- og váttryggingastarfsemi, fasteignaviðskipti og leigustarfsemi.
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
- Annað


Meira um starfið

15. Innan hvaða atvinnugreinar er þitt aðalstarf? Vinsamlegast svarið því sem best lýsir þínum aðstæðum.

- Ég er ekki á vinnumarkaði
- Sjávarútvegur, t.d. fiskveiðar, fiskvinnsla, fiskeldi og önnur vinna tengd nýtingu sjávarauðlinda.
- Landbúnaður og skógrækt
- Iðnaður og ýmis framleiðsla, t.d. matvælaíðnaður, lyf, fatagerð, leður, efnavörur, málmar, málmvörur, húsgögn, rafvörur, trefjar, prentun og fjölföldun o.þ.h.
- Ferðaþjónusta, t.d. gisting, veitingar, ferðaskrifstofur, farþegaflutningar, leiðsögn, leiga til ferðamanna, haftengd ferðaþjónusta og tengd starfsemi.
- Verslun og þjónusta, t.d. matvöruverslanir, aðrar sérvöru-, net-, heild- og umboðsverslanir, bankastarfsemi, tryggingar, fasteignasala, bílaþjónusta, bílaverkstæði, dekk, þrif, vöru- og fólksflutningar og önnur þjónusta veitt af einkaaðilum.
- Menning, listir og aðrar skapandi greinar. Meðal skapandi greina eru ýmis listskópun (sviðslistir, ritstörf, myndlist, tónlist o.fl.), myndvinnsla, ljósmyndun, þýðingar og túlkun, listnám, fjölmiðlun, arkitektúr, hönnun, sýningar, safnastarfsemi, viðburðahald, söguminjar, hljóðvinnsla, tölvuleikjagerð, skartgripagerð, prentun, bókband, hljóðfærasmíði, útgáfustarfsemi, sala eða leiga á menningu og listvörum.
- Veitur, t.d. rafmagns-, vatns- og hitaveitur og tengd starfsemi.
- Opinber þjónusta, þ.e. fræðsla, heilbrigðisþjónusta og önnur opinber þjónusta.
- Byggingarstarfsemi, mannvirkjagerð, jarðvegsframkvæmdir eða tengd starfsemi, þ.m.t. rafvirkjun, málun, trésmíði, múrverk, pípulagnir, dúklagningar og þess háttar.
- Upplýsingar, fjarskipti, tölvuvinna og önnur upplýsingatækni
- Eignaumsýsla, t.d. endurskoðun og bókhalds, lögfræðiþjónusta, fjármála- og váttryggingastarfsemi, fasteignaviðskipti og leigustarfsemi.
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
- Annað

16. Hvar starfar þú? Útskýring: Hvar sinnir þú starfi þínu að öllu jöfnu?

- Í mínu sveitarfélagi
- Er víða eða aldrei á sama stað
- Úti á sjó
- Vinn starf án staðsetningar (get yfirleitt valið mér stað til að vinna á)
- Á Vesturlandi
- Á höfuðborgarsvæðinu
- Á Reykjanesi
- Á Suðurlandi
- Á Austurlandi
- Á Norðurlandi
- Á Vestfjörðum



Tækifæri

17. Í hverju eftirfarandi finnst þér atvinnulíf þíns byggðarlags eða sveitarfélags eiga mikil eða lítil tækifæri?

	Mjög lítil	Frekar lítil	Hvorki lítil eða mikil	Frekar mikil	Mjög mikil
Afþreying	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Böð	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ferðaþjónusta	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Fræðsla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Handverk	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Heilsuefling	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Iðnaður	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Jöklar	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Landbúnaður	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Matvælaframleiðsla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Menning og listir	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Orkuskipti	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Orkuvinnsla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Rannsóknir	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Sjávarútvegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Tæknigeirinn	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Veitingaþjónusta	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Verslun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Þjóðgarður	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

Önnur tækifæri

18. Í hverju finnst þér atvinnulíf þíns byggðarlags eða sveitarfélags eiga líka tækifæri og þú náðir ekki að koma því á framfæri í spurningunni hér næst á undan?

Nýsköpunarhraðall

19. Myndir þú mæta á frumkvöðlamót sem haldið yrði á Vesturlandi í þeim tilgangi að koma nýsköpunarhugmynd af stað? Um er að ræða eins dags vinnustofu í nýsköpun þar sem stuðningsumhverfi frumkvöðla yrði kynnt, þátttakendur fengju aðstoð við að þróa sínar hugmyndir og myndu kynna öðrum frumkvöðlum á svæðinu.

Nei

Já

20. Hefur þú áhuga á að taka þátt í viðskiptahraðli á Vesturlandi? Um er að ræða nokkurra vikna verkefni (kallað hraðall) þar sem þátttakendur fá fræðslu og þjálfun til að efla sig, þróa hugmyndir sínar áfram og efla tengslanetið

Nei

Já

21. Hefur þú tekið þátt í nýsköpunar- eða viðskiptahraðli áður og þá hvaða?

Nei

Já, hvaða hraðli?

22. Er það eitthvað sem þú vilt láta koma fram að lokum?

Könnun lokið

Við þökkum þér fyrir að taka þátt í könnuninni. Þú sendir hana og lokar með því að ýta á hnappinn "Lokið" hér fyrir neðan.